

Bolungarvík 09/02/09

Efni: Fornleifar við Kjaranstaði í Dýrafirði

Fornleifaskráning fór fram á bæjarstæði Kjaranstaða á haustmánuðum 2007 vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda í tengslum við göng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar (Margrét Hallmundsdóttir et al., 2008).

Fornleifaskráning fór ekki fram í fjörunni fyrir neðan Kjaranstaði þar sem að unnið var út frá þeim veglínunum sem lagðar voru fram. Veglínan verður færð fyrir neðan bæjarstæði Kjaranstaða og var því svæðið rétt ofan við fjöruna kannað nánar að ósk vegagerðarinnar.

Á svæðinu fundust tveir minjastaðir, rafstöð og grjóthlaðin tóft.

Kjaransstaðir ÍS-140663-41:021

Hlutverk: Rafstöð

Tegund: Rafstöð

Staðsetning: 65°50'52.2N 23°18'30.7V

Staðhættir. Rétt austan við steinsteypta fjárhúsið hefur verið byggt lítið uppistöðulón fyrir heimarafstöð sem stendur neðan við lónið.

Minjalýsing: Rafstöðin stendur undir þaki og er steinsteypt bygging. Sennilega byggð eftir miðja 20. öld.

Kjaransstaðir ÍS-140663-41:022

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Óþekkt

Staðsetning: 65°50'39.9N 23°18'38.0V

Staðhættir. Fyrir neðan bæjarstæðið. Stendur upp við bakka fyrir ofan fjöruna.

Minjalýsing: Grjóthlaðin tóft og standa hleðslur í u.þ.b. 1 metra. Líklegt er að hér sé um að ræða bátaskýli.

Samkvæmt korti vegagerðarinnar liggur bátaskýlið rétt við vegstæðið. Markmiðið er að reyna að verja það en ef það er ekki unnt verður skýlið rannsakað. Ógerlegt er að áætla aldur skýlisins, samt er þó líklegt að það hafi verið hlaðið á 19. öld en verið í notkun allt fram á þá 20. Rafstöðin fellur ekki beint undir lög um fornminjar en er þó minnimerki um framtaksemi

bænda á 20.öld. Rafstöðin er það langt frá vegstæðinu að hægt er að verja hana fyrir raski vegna framkvæmdanna.

Heimildir:

Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen. 2008. Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra gagna milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 7-08.



Mynd 1. Rafstöð



Mynd 2. Óþekkt grjótmannvirki.